

7. nóvember 2024

Samstarfshópur um endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlun Fossvogsbakka, Háubakka og Laugárás

Fundargerð 2. fundur kl 13:00

Fundarstaður: Teams

Mætt: Sveinn Kári Valdimarsson - Umhverfisstofnun

René Biasone - Umhverfisstofnun

Benedikt Traustason - Reykjavíkurborg

Vefsíða endurskoðunarinnar er komin í loftið og þar má fá upplýsingar um framgang verkefnisins.

Greint var frá samskiptum við eigendur fasteigna við náttúruvættin, en bréf og tölvupóstar hafa verið send þar sem greint var frá því að vinna við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlun er hafin.

Sama hefur verið gert við stofnanir og félagsamtök sem gætu átt hagsmuna að gæta eða eru lögbundnir umsagnaraðilar.

Vinna við texta er hafin.

Rætt var um úttekt á svæðunum. En úttekt fór fram í ágúst. Niðurstöður úttektar munu koma inn í texta áætlunar.

Fyrirspurn var send á minjastofnun en í Fossvogi er töluvert um minjar. Búið er að gera fornleifakönnun fyrir Hlíðar (mars 2024) og þar er m.a. skráðar minjar í Fossvogi. Þörf að taka tillit til þeirra í áætlunum.

Fundi slitið 13:30